

**S t o f n a n a s a m n i n g u r**  
milli Eflingar-stéttarfélags og Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

Byggður á aðalkjarasamningi aðila, dags. 7. apríl 2004 ásamt síðari breytingum.

#### 1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SGS/Eflingar, dags. 7. apríl 2004 ásamt síðari breytingum.

#### 2. Starfaflokkun, grunnröðun og mat á starfsreynslu

Röðun Starfs	Starfsreynsla í starfi hjá			
	SLF eða sambærilegu starfi	1 ár	3 ár	5 ár
Almenn störf við sumarbúðir	003	1 fl.	+ 1 fl.	+ 1 fl.
Vaktstjóri	006	1 fl.	+ 1 fl.	+ 1 fl.

#### 3. Menntun starfsmanna sem telst nýtast í starfi

##### Fjöldi launaflokka

Hækkun vegna menntunar sem nýtist í starfi getur orðið allt að:..... 5

Formlegt nám umfram grunnkröfur starfs allt að..... 2

- Skipulagt eins til tveggja ára nám starfsmanns ..... 1
- Skipulagt þriggja ára eða lengra nám starfsmanns..... 1

Endur- og símenntun allt að..... 3

- Starfsmaður sem sótt hefur 60 kennslustunda námskeið..... 1
- Starfsmaður sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið..... 1
- Starfsmaður sem sótt hefur 198 kennslustunda námskeið..... 1

#### 4. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu 23:00 til 8:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann.

Ef gert er ráð fyrir a.m.k. 50% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur tveimur launaflokkum.

Sé hins vegar gert ráð fyrir 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðist álag sem nemur þremur launaflokkum.

#### 5. Annað

Heimilt er að meta til viðbótar við röðun starfsheita eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra í grunnröðun starfsins:


- Hvort starfið sé umfangsmikið / fjölpætt..... 1
- Hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð..... 1
- Hvort starfið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni..... 1
- Hvort krafist sé sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist..... 1

Ennfremur er heimilt að taka mið af öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun

#### 6. Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. október 2014

Fyrir hönd Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

  
STYRKTAFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA  
kt. 630269-0249

Fyrir hönd Eflingar - stéttarfélags

